

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 – 1993

9. febrúar 1993

45

Nr. 7

FORSETA BRÉF um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda miðvikudaginn 10. febrúar 1993 kl. 13.30.

Reykjavík, 9. febrúar 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

25. febrúar 1993

Nr. 8

SAMKEPPNISLÖG

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Markmið og gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

- vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,
- vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,
- auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

2. gr.

Lögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

Lögin taka ekki til launa eða annarra starfskjara launþega samkvæmt kjarasamningum.